

Í tillögum sínum til ráðherra um úthlutun úr sjóðnum skal stjórn Verkefnasjóðs sjávarútvegsins líta til þess hvort rannsóknaverkefni falli að langtímaáætlun Hafrannsóknastofnunarinnar eða Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins eða þeim sérstöku verkefnum sem Fiskistofu eru falin vegna eftirlits með fiskveiðum. Leggi stjórn Verkefnasjóðs sjávarútvegsins til að fé sé veitt til Rannsóknasjóðs til að auka verðmæti sjávarfangs skal því varið til rannsóknaverkefna einstaklinga, rannsóknahópa, háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja samkvæmt áherslum AVS-rannsóknasjóðs á grundvelli faglegs mats stjórnar þess sjóðs á gæðum rannsóknaverkefna, færni þeirra einstaklinga sem stunda rannsóknirnar og aðstöðu þeirra til að sinna verkefninu.

Stjórn Verkefnasjóðs tekur ákvarðanir um tillögur til ráðherra um úthlutun úr sjóðnum á grundvelli rökstuddra umsókna sem sjóðnum berast. Stjórnin leitar ráðgjafar umfram þann rökstuðning sem fylgir umsóknum ef þurfa þykir, að mati stjórnarinnar.

5. gr.

Skipulagsskrá Verkefnasjóðs sjávarútvegsins skal endurskoðuð fyrir árslok 2005.

6. gr.

Reglur þessar eru settar skv. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 37 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögmeats sjávaraflla, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 8. október 2004.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Vilhjálmur Egilsson.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag þjónustusvæðis innan þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti hreppsnefnd Kelduneshrepps, þann 28. september 2004, deiliskipulag fyrir þjónustusvæði o.fl. innan þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum, í norðurhluta Ásbyrgis.

Í deiliskipulaginu eru skilgreind tvö aðalsvæði: Svæði fyrir verslun og þjónustu annars vegar og hins vegar opin svæði til sérstakra nota. Megináhersla er á:

1. Uppbyggingu gestamóttöku, Gljúfrastofu.
2. Uppbyggingu gistirýmis, hótels, auk 1-2 íbúðarhúsa er tengjast þjónustureitnum.
3. Stækkun á tjaldsvæði með aukinni þjónustu og allt að 8 smáhýsum.
4. Breytingu á aðkeyrslu inn á svæðið frá þjóðvegi 85.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

*Kelduhverfi, 30. september 2004.*

F.h. hreppsnefndar Kelduneshrepps,

**Katrín Eymundsdóttir** oddviti.